# Barnavinafélagið Sumargjöf: skýrsla 1943, rekstrarkostnaður (samrit) Skýrsla til fjárveitinganefndar 12. nóvember 1943. Ísak Jónsson, Arngrímur Kristjánsson o.fl

Bjarni Benediktsson – Barnavinafélagið Sumargjöf: skýrsla 1943, rekstrarkostnaður (samrit) Skýrsla til fjárveitinganefndar 12. nóvember 1943. Ísak Jónsson, Arngrímur Kristjánsson o.fl


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is


Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-7, Örk 8


**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BARNAVINAFÉLAGIÐ SUMARGJÖF.

Reykjavík, 12. nóv. 1943.

Samrit

Á vegum barnavinafél. Sumargjöf eru rekin eftirtöld heimili:

| | | |
|---|---|---|
| Í Vesturborg: | Vistarheimili f. | 20 börn |
| - Tjarnarborg: | Leikskóli og dagheimili f. | 105 - |
| - Suðurborg: | - - - | - 100 - |
| | Vöggustofa | - 18 - |
| | Vistarheimili | - 20 - |
| | Alls | 263 - |

Auk þessa starfar sumarheimili í Grænuborg í 3 mánuði. Þar geta verið um 80 börn.

Í haust jókst starfsemin um þau börn, sem eru í Suðurborg (þ.e. Eiríksg. 37 og Hringbr. 38), sem Rvíkurbær hefur keypt og lánað Sumargjöf til aukningar starfsemi félagsins.

Reksturskostnaður þessara heimila félagsins næsta ár er áætlaður sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| I. Til daglegra þarfa: | | |
| Vesturborg | Kr. 60.000.00 | |
| Tjarnarborg | " 110.000.00 | |
| Suðurborg | " 200.000.00 | |
| Grænuborg | " 15.000.00 | 385.000.00 |
| II. Firning, endurbætur og viðhald á húseignum félagsins | | 90.000.00 |
| | Flutt kr. | 475.000.00 |

Flutt kr. 475.000.00

| | | |
|---|---|---|
| III. | Húsgögn og áhöld í Suðurborg | 21.000.00 |
| IV. | Endurbætur á húsg. og áhöldum á öðrum heimilum félagsins | 9.000.00 |
| | Samtals | kr.505.000.00 |

Tekjur áætlaðar:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| I. | Meðlög: Vesturborg | kr. | 40.000.00 | |
| | Tjarnarborg | " | 80.000.00 | |
| | Suðurborg | " | 115.000.00 | |
| | Grænaborg | " | 10.000.00 | 245.000.00 |
| II. | Fjársöfnun sumard. fyrsta | | | 50.000.00 |
| | Alls kr. | | | 295.000.00 |

Hér vantar því kr. 210 þús. til þess að standast allan áætlaðan kostnað við rekstur heimila félagsins. Á þessu ári hefur bæjarsjóður lagt fram kr. 135 þús. styrk til starfsemi Sumargjafar auk húsnæðisins í Suðurborg og hefur félagið ekki ástæðu til þess að ætla annað, en að svipaður styrkur fáist þaðan á næsta ári. En samt vantar félagið þá um 75 þús. krónur til starfsemi sinnar.

Þar eð í Reykjavík býr nú rúmlega 1/3 þjóðarinnar og hvergi muni meiri þörf en þar á slíkri starfsemi, sem barnavinafélagið Sumargjöf rekur fyrir þennan hluta þjóðarinnar, þá leyfir stjórn Sumargjafar sér að fara þess á leit við háttvirt Alþingi, að það greiði a.m.k. 1/3 af áætluðum rekstrarhalla umræddrar starfsemi á árinu 1944 og veiti til þess fé í fjárlögum næsta árs. Telur stjórn félagsins, að starfsemi þess sé a.m.k. að 1/3 hluta í þágu allrar þjóðarinnar og þessvegna væntir hún þess, að háttvirt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alþingi sjái sér fært að verða við tilmælum sínum um a.m.k. kr. 70.000.00 styrk úr ríkissjóði á næsta ári.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar barnavinafél. Sumargjöf

Ísak Jónsson

Arngr. Kristjánss. Helgi Elíasson

Til

f j á r v e i t i n g a n e f n d a r ,

A l þ i n g i .

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur